LÁNAMÁL RÍKISINS
Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: http://www.lanamal.is

Fréttatilkynning
28. ágúst 2014

Tímabundin undanþága á skyldum aðalmiðlara á eftirmarkaði.

Vegna þeirrar óvissu sem gæti skapast á íslenskum skuldabréfamarkaði í kjölfar ráðgefandi álits EFTA dómstólsins í máli nr. E-25/13 (Gunnar V. Engilbertsson gegn Íslandsbanka hf.) sem birt verður fyrir opnun skuldabréfamarkaðar í dag, hafa Lánamál ríkisins ákveðið að veita aðalmiðlurum tímabundna undanþágu á skyldum á eftirmarkaði. Þann 28. ágúst eru aðalmiðlarar undanþegnir þeirri skyldu að leggja fram kaup- og sölutilboð í viðskiptakerfi NASDAQ OMX með tilgreindum hámarksmun eins og fram kemur í 3. gr. gildandi samnings milli aðalmiðara og Seðlabanka Íslands vegna útgáfu ríkisverðbréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði.

Lánamálum ríkisins er heimilt að afturkalla undanþágu þessa að fengu samþykki meirihluta aðalmiðlara sbr. 8. gr. ofangreinds samnings.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður hjá Lánamálum ríkisins í síma 569 9633.